



Reykjavík 24. júní 2024

Niðurstaða athugunar á gæðum TRS II skýrslna hjá Íslenskum verðbréfum hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framkvæmdi vettvangsathugun hjá Íslenskum verðbréfum hf. (ÍV) í október 2023 og lá niðurstaða fyrir í júní 2024.

Markmið athugunarinnar var að kanna fylgni ÍV við 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014, um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sem lögfest var með 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Í því fólst að kanna m.a. fylgni við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/590, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda, sem innleidd er með reglum nr. 545/2023 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga. Framangreind ákvæði kveða á um skyldu verðbréfafyrirtækja og lánastofnana sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga til að veita fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti eins og fljótt og auðið er. Þá var jafnframt könnuð fylgni við 21. gr. laga 115/2021 um almennar skipulagskröfur í tengslum við skýrslugjöf félagsins auk 91. gr. laga nr. 115/2021 hvað varðar samstillingu viðskiptaklukkna. Í því fólst að kanna fylgni við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/574, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna sem innleidd er með reglum nr. 372/2024 um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga. Skýrslugjöf til fjármálaeftirlitsins um viðskipti með fjármálagerninga gengur undir heitinu TRS II skýrslur og eru gögnin og gæði þeirra fjármálaeftirlitinu nauðsynleg við eftirlit og rannsóknir.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að ÍV hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 115/2021, MiFIR og reglugerða (ESB) nr. 2017/590 og 2017/574. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Reglulegri afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu var verulega ábótavant þar sem slíkar afstemmingar hafa ekki verið framkvæmdar hjá félaginu. Með því uppfyllti ÍV ekki kröfur 26. MiFIR um reglulega afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og töflu 2 í 1. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 2017/590. Þá hafði félagið ekki sett fram verklagsreglu um TRS skýrsluskil til fjármálaeftirlitsins og uppfyllti félagið því heldur ekki að fullu almennar skipulagskröfur skv. 21. gr. laga nr. 115/2021.
- Nákvæmni viðskiptaklukkna var verulega ábótavant í úrtaki fjármálaeftirlitsins. Yfirferð á úrtaki fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að viðskiptaklukkan í TRS

tilkynningum til fjármálaeftirlitsins bar í engum tilvikum saman við viðskiptaklukkur í úrtaki framlínugagna. Að því leyti uppfyllti ÍV ekki kröfur um viðmiðunartíma viðskipta skv. 91. gr. laga nr. 115/2021, sbr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/574.

- Tilkynningar ÍV um viðskipti með fjármálagerninga var að nokkru ábótavant þar sem athugunin leiddi í ljós að fjöldi tilkynninga í gagnaskilakerfi fjármálaeftirlitsins var ofaukið. Þannig uppfylltu ÍV ekki kröfur 26. gr. MiFIR um að verðbréfafyrirtæki skuli hafa til staðar fyrirkomulag til að tryggja að viðskiptaskýrslur þeirra séu fullgerðar og réttar, sbr. d-liður 1. mgr., 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að ÍV geri úttekt á úrbótum félagsins og geri grein fyrir niðurstöðu hennar í sérstakri skýrslu sem send verði fjármálaeftirlitinu.